

Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Minnisblað - styrkir vegna framkvæmda við heitan pott fyrir hreyfihamlaða

Dags: 2. janúar 2025

Málsnúmer: 202411616/14.2

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, bærstjóri

Á 1649. fundi bæjarráðs þann 28. nóvember 2024 var samþykkt tillaga um fjármögnun framkvæmda við heitan pott með rampi fyrir hreyfihamlaða.

Þann 11. desember var undirrituð viljayfirlýsing Mosfellsbæjar, mennta- og barnamálaráðuneytis og Römpum upp Ísland um fjármögnun á pottinum þar sem fram kom að mennta- og barnamálaráðuneytið og Römpum upp Ísland skuldbundu sig til að leggja 10 m.kr. til verkefnisins hvor um sig.

Jafnframt var óskað eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna aðgengismála og hefur verið samþykktur styrkur að fjárhæð kr. 8.986.500.

*Virðingarfyllt,
Regína Ásvaldsdóttir*

Fylgiskjal:

- Viljayfirlýsing um framlag mennta- og barnamálaráðuneytis og Römpum upp Ísland
- Staðfesting á framlagi úr Fasteignasjóði aðgengismála